

Flensborgarskóli
02 352

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Flensborgarskóli
kt. 611175-1919
Hringbraut 10, 220 Hafnarfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Flensborgarskólinn er fjölbrautaskóli sem starfar eftir blönduðu kerfi bekkjar- og áfangakerfis. Skólinn á sér langa og merka sögu allt aftur á 19. öld, en frá árinu 1975 hefur hann verið framhaldsskóli. Flensborgarskólinn er með elstu starfandi skólum á Íslandi, en hann hefur tekið margvíslegum breytingum á langri ævi. Hann var upphaflega stofnaður sem barnaskóli árið 1877, en var breytt í "alþýðu-og gagnfræðaskóla" fimm árum síðar eða árið 1882, en við það ártal hefur aldur skólans oftast verið miðaður.

Í dag er Flensborgarskólinn bóknámsskóli sem leggur áherslu á nám til stúdentsprófs af félagsvísinda-, raunvísinda- og viðskipta- og hagfræðibraut, auk opinnar námsbrautar þar sem nemendur geta hannað sína eigin námsbraut úr námsframboði skólans. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika. Einnig býður skólinn nám á starfsbraut sem er ætluð nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar og/eða sértækra námsörðugleika og grunnnám í íslensku fyrir nemendur sem eru með íslensku sem annað móðurmál.

Starfsemin fellur undir málefnavið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 1.491,6 milljónir og afkoma kr. 23,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -214,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 33,5 milljónir.

Athygli er vakin á því að enn eru óinnheimtar launabætur vegna ársins 2025, kr. 1,7 milljónir vegna hækkana í kjarasamningi. Afkoma ársins 2025 ætti því að vera 24,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnaviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Flensborgarskóla fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Tekjur			
Aðrar ríkistekjur	2	9.889.200	9.312.000
Tekjufærsla fjárveitinga	3	1.432.636.984	1.295.137.423
Sala á vöru og þjónustu	4	33.961.627	32.361.240
Framlög, gjafir og aðrar tekjur	5	9.559.256	9.929.751
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	<u>5.526.882</u>	<u>8.530.262</u>
Tekjur samtals		1.491.573.949	1.355.270.676
Gjöld			
Tilfærslur	6	675.200	600.000
Laun og launatengd gjöld	7	1.021.365.489	973.288.495
Annar rekstrarkostnaður	8	440.904.577	419.809.040
Afskriftir og niðurfærslur	9	<u>5.526.882</u>	<u>8.530.262</u>
Gjöld samtals		1.468.472.148	1.402.227.797
Afkoma fyrir fjármagnsliði		23.101.801	(46.957.121)
Afkoma ársins		<u>23.101.801</u>	<u>(46.957.121)</u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	3	23.777.001	(71.074.121)
Rekstrartilfærslur		<u>(675.200)</u>	<u>24.117.000</u>
		<u>23.101.801</u>	<u>(46.957.121)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Handbært fé	10	5.106.828	7.469.175
Skammtímakröfur	11	4.594.888	903.860
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	23.838.800	23.072.557
Eignir samtals		<u>33.540.516</u>	<u>31.445.592</u>
Skuldir			
Aðrar skuldir	14	69.791.905	65.635.188
Tengdir aðilar	12	152.299.453	171.956.165
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda		25.626.910	31.133.792
Skuldir samtals		<u>247.718.268</u>	<u>268.725.145</u>
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		(214.177.752)	(237.279.553)
Eigið fé			
Hrein eign		(214.177.752)	(237.279.553)
Eigið fé samtals	15	<u>(214.177.752)</u>	<u>(237.279.553)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>33.540.516</u>	<u>31.445.592</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		23.101.801	(46.957.121)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	5.526.882	8.530.262
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(5.526.882)	(8.530.262)
		<u>23.101.801</u>	<u>(46.957.121)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(3.691.028)	(56.202)
Tengdir aðilar		(25.929.837)	38.270.987
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		4.156.717	1.705.114
		<u>(25.464.148)</u>	<u>39.919.899</u>
		<u>(2.362.347)</u>	<u>(7.037.222)</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	13	(6.423.125)	(6.104.663)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		150.000	0
		<u>(6.273.125)</u>	<u>(6.104.663)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		6.273.125	6.104.663
		<u>6.273.125</u>	<u>6.104.663</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(2.362.347)	(7.037.222)
		7.469.175	14.506.397
		<u>5.106.828</u>	<u>7.469.175</u>
		<u><u>5.106.828</u></u>	<u><u>7.469.175</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025	1.264.600.000	0	14.100.000	1.278.700.000
Fjáraukalög	14.100.000	0	(14.100.000)	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	1.278.700.000	0	0	1.278.700.000
Launabætur	35.000.000	0	0	35.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	118.936.984	0	0	118.936.984
Fjárveiting ársins	1.432.636.984	0	0	1.432.636.984
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað)	(261.996.553)	24.717.000	8.061.235	(229.218.318)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.170.640.431	24.717.000	8.061.235	1.203.418.666
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(1.408.859.983)	(675.200)	(6.273.125)	(1.415.808.308)
Staða fjárveitinga í lok árs 2025	(238.219.552)	24.041.800	1.788.110	(212.389.642)

Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	23.838.800	23.072.557
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	1.788.110	8.061.235
	25.626.910	31.133.792

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við ætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað /10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum

Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2025	2024
2 Aðrar ríkistekjur		
Innritunargjöld	9.889.200	9.312.000
	<u>9.889.200</u>	<u>9.312.000</u>
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	1.432.636.984	1.295.137.423
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	5.526.882	8.530.262
	<u>1.438.163.866</u>	<u>1.303.667.685</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.264.600.000	0	0	1.264.600.000
Fjáraukalög	14.100.000	0	0	14.100.000
Launabætur	35.000.000	0	0	35.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	118.936.984	0	0	118.936.984
Fjárveiting til tekna	1.432.636.984	0	0	1.432.636.984
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(1.408.859.983)	(675.200)	0	(1.409.535.183)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	23.777.001	(675.200)	0	23.101.801

	2025	2024
4 Sala á vöru og þjónustu		
Verksala	482.300	434.400
Ýmsar þjónustutekjur	770.338	821.690
Mötuneyti	19.036.310	18.061.050
Fræðslustarfsemi og fundir	1.203.400	429.000
Vörusala II	12.469.279	12.615.100
	<u>33.961.627</u>	<u>32.361.240</u>

5 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

Framlög frá öðrum ríkisaðila í A1 hluta	600.000	4.986.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	4.210.000	560.000
Leigutekjur	4.455.056	4.085.251
Ýmsar aðrar tekjur	294.200	298.500
	<u>9.559.256</u>	<u>9.929.751</u>

6 Tilfærslur

Rekstrartilfærslur	675.200	600.000
	<u>675.200</u>	<u>600.000</u>

Skýringar

7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	2025	2024
Laun	824.868.751	787.700.035
Breyting á áföllnu orlofi	1.906.634	(1.282.141)
Launatengd gjöld	190.308.400	180.115.046
Samtals launakostnaður	1.017.083.785	966.532.940
Starfsmannakostnaður	4.281.704	6.755.555
	<u>1.021.365.489</u>	<u>973.288.495</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	65,2	70,1
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.549.874	1.913.669
Byggingarvörur, almennar	67.317	50.649
Ýmis tæki og áhöld	566.195	508.965
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	55.925
Orkugjafir	13.627.714	10.704.855
Matvæli	18.681.023	17.368.832
Almennar rekstrarvörur	2.227.468	2.704.952
Vörukaup, almenn	<u>36.719.591</u>	<u>33.307.847</u>
Kennslu- og föndurvörur	727.553	1.152.325
Ýmsar sérgreindar vörur	17.100	125.498
Vörukaup, sérgreind	<u>744.653</u>	<u>1.277.823</u>
Fundur, námskeið, risna	997.340	1.054.744
Ferðir, uppihald	3.841.820	1.318.391
Akstur	744.907	786.591
Sérfræðiþjónusta	33.582.642	34.131.133
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	279.468	263.042
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.114.236	2.678.099
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.169.345	791.498
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>42.729.758</u>	<u>41.023.498</u>
Samningsbundin kaup og leiga	5.134.301	5.800.990
Afnotagjöld	7.084.617	6.601.316
Leigugjöld	323.656.054	308.941.303
Notkun véla og flutningatækja	994.174	1.084.624
Verkkaup	24.325.458	22.303.102
Opinber gjöld	187.500	175.907
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>361.382.104</u>	<u>344.907.242</u>
Vörukaup	14.504	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>14.504</u>	<u>0</u>
Hlutdeild annarra í kostnaði	(686.033)	(707.370)
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>440.904.577</u>	<u>419.809.040</u>

Skýringar

9 Afskriftir og niðurfærslur	2025	2024
Áhöld, tæki og búnaður	5.215.901	8.093.027
Farartæki og vélar	135.562	169.428
Aðrar eignir	71.442	267.807
Úreldar eignir	103.977	0
	<u>5.526.882</u>	<u>8.530.262</u>

10 Handbært fé	31.12.2025	31.12.2024
Sjóðir	34.500	39.100
Innlendar bankainnistæður	5.072.328	7.430.075
	<u>5.106.828</u>	<u>7.469.175</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

11 Skammtímakröfur	31.12.2025	31.12.2024
Skammtímakröfur	4.594.888	903.860
	<u>4.594.888</u>	<u>903.860</u>

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	(151.616.405)	(170.949.289)
Skuldir við tengda aðila	(683.048)	(1.006.876)
	<u>(152.299.453)</u>	<u>(171.956.165)</u>

13 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	22.254.671	21.047.447
Farartæki og vélar	531.630	901.169
Aðrar eignir	1.052.499	1.123.941
	<u>23.838.800</u>	<u>23.072.557</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025	106.639.022	1.694.296	0	1.650.989	109.984.307
Viðbætur á árinu	6.423.125	0	0	0	6.423.125
Selt/úrelt á árinu	(150.133)	(508.024)	0	0	(658.157)
	<u>112.912.014</u>	<u>1.186.272</u>	<u>0</u>	<u>1.650.989</u>	<u>115.749.275</u>
Afskriftir 01.01.2025	85.591.575	793.127	0	527.048	86.911.750
Afskrift ársins	5.215.901	135.562	0	71.442	5.422.905
Selt/úrelt á árinu	(150.133)	(274.047)	0	0	(424.180)
	<u>90.657.343</u>	<u>654.642</u>	<u>0</u>	<u>598.490</u>	<u>91.910.475</u>
Staða 31.12.2025	<u>22.254.671</u>	<u>531.630</u>	<u>0</u>	<u>1.052.499</u>	<u>23.838.800</u>

Skýringar

14 Aðrar skuldir	31.12.2025	31.12.2024
Áfallið og ógreitt orlof	44.926.921	43.020.287
Viðskiptaskuldir	11.388.382	10.870.899
Ýmsar skuldir	13.476.602	11.744.002
	<u>69.791.905</u>	<u>65.635.188</u>

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(237.279.553)	(190.322.432)
Afkoma ársins	23.101.801	(46.957.121)
Jöfnuður 31.12.	<u>(214.177.752)</u>	<u>(237.279.553)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.